

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 107/98
frá 27. nóvember 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var að lagaður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 89/98 frá 25. september 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/56/EB frá 20. október 1997 um 16. breytingu á
tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum
aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og
efnablandna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II.
viðauka við samninginn:

„- **397 L 0056**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/56/EB frá 20. október 1997
(Stjtið. EB L 333, 4.12.1997, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 189, 22.7.1999, bls. 62 og EES-viðbætir við Stjtið. EB nr. 32, 22.7.1999, bls. 134.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 333, 4. 12. 1997, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskjúunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/56/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. nóvember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brusse1 27. nóvember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik E. Gerner